

Tilvísanir í greinar í klúbblögum aftast við hverja grein.

## REGLUGERÐ KLÚBBLAGA

### 1. grein - Almenn ákvæði

1. Umdæmi klúbbsins er eins og segir í stofnskrá. Það ákvarðast af stjórn Landssambandsins fyrir stofnun klúbbsins. (I. gr. 4)
2. Aðsetur klúbbsins skal vera heimili formanns eða varanlegt heimilisfang þar sem klúbburinn hefur fastan fundarstað. (I. gr. 4)

### 2. grein - Félagar

1. Tillögur um nýja féлага skulu bornar fram af tveimur félögum. Til þess að fá inntöku í klúbbin þurfa væntanlegir félagar fyrst að hljóta einróma samþykki stjórnarinnar og síðan allra féлага klúbbsins án undantekningar. Samtökin bjóða til þátttöku, um hana er ekki hægt að sækja. (V.gr. 2)
2. Lykill SI - starfsgreinalykill
  1. Menntun og rannsóknir.
  2. Heilbrigðis- og sjúkrahjónusta.
  3. Velferðar- og félagsmál.
  4. Löggjöf og stjórnun.
  5. Samgöngur og fjármál.
  6. Landbúnaður, sjávarútvegur og heimilisstörf.
  7. Verslunar- og skrifstofustörf.
  8. Iðnaður og handverk.
  9. Litræn og skapandi starfsemi.
  10. Verkfræði- og tæknistörf.

Að minnsta kosti einn fulltrúi ætti að vera úr hverjum ofangreindum flokki en þó aldrei fleiri úr hverjum flokki en sem svarar 15% af heildartölu féлага. Dæmi: Í 40 féлага klúbbi geta verið einn til sex félagar úr hverjum flokki. Mörkin á milli flokkanna eru ekki fastákveðin en hafa skal lykilinn til hliðsjónar við ákvörðun um inntöku féлага. Sjá enn fremur starfsgreinaskrá SI/E 1986. Æskilegt er að hafa sem flestar starfsgreinar. (V. gr. 3)

3. Skriflega tillögu um inntöku skal senda til stjórnarinnar og á hún að vera undirrituð af tveimur klúbbsysturum. Önnur þeirra má vera úr öðrum klúbbi. Tillagan skal rituð á þar til gert eyðublað þar sem gert er ráð fyrir greinargóðum upplýsingum (upplýsingum til stjórnarinnar). Þegar stjórnin hefur kynnt sér tillöguna rækilega skal hún senda hana til starfsgreinanefndar sem innan 14 daga skal senda hana aftur til stjórnarinnar ásamt umsögn. Samþykki stjórnin tillöguna ber að skýra klúbbsysturum frá því á næsta

klúbbsfundum. Strax eftir fundinn hefur formaður samband við þær klúbbsystur sem voru fjarverandi og skýrir fyrir þeim málið. Klúbbsystir sem ekki samþykkir hinn nýja félag, skal láta formann vita innan 14 daga frá þeim klúbbsfundardegi þar sem tillaga um inntöku nýs félaga var borin upp. Formaður skal símleiðis eða bréflega (ekki í tölvupósti) kynna þeim klúbbsysturum sem eru fjarverandi tillöguna. Hreyfi engin andmælum fyrir þann tíma skoðast hinn nýi félagi samþykktur. Formanni er skylt að fara með öll slík mál sem trúnaðarmál og skulu þau ekki rædd á stjórnarfundum.

Allt undirbúningsstarf fyrir inntöku félaga skal fara með sem algert trúnaðarmál. Á meðan unnið er að málinu er ekki leyfilegt að ræða um það við konu þá, sem stungið hefur verið upp á, hvorki með leynd né opinberlega.

Þegar formlegt samþykki allra klúbbsystra liggur fyrir um að bjóða konu þeirri, sem stungið hefur verið upp á inngöngu í klúbbsinn, skal formaður hafa samband við hana munnlega eða skriflega og tilkynna að henni sé boðið að gerast félagi í klúbbsnum. Þegar hún hefur staðfest samþykki sitt fyrir inngöngu í klúbbsinn á þar til gert eyðublað skal formaður bjóða hana velkomna skriflega og tilkynna henni fundartíma. (V. gr. 2)

4. Nýir félagar skulu teknir inn í klúbbsinn við hátíðlega athöfn sem líkast þeirri sem viðhöfð er við stofnun nýrra klúbba. Ætíð skal kveikja á "kertunum fjórum". Önnur þeirra klúbbsystra sem bar fram tillöguna um hina nýju klúbbsystur kynni hana á inntökufundinum. Formaður býður hana velkomna með ávarpi, kveikir á kerti henni til heiðurs, skýrir fyrir henni í stuttu máli uppbyggingu soroptimistahreyfingarinnar og stöðu klúbbsins innan hennar. Formaður les því næst markmið og meginstefnur soroptimistahreyfingarinnar, segir í stuttu máli frá starfsemi klúbbsins og afhendir hinum nýja félagi klúbbslögin og önnur gögn. Þá afhendir formaður henni nælu soroptimista um leið og hann festir hana í barm hennar. Athöfninni lýkur með því að klúbbsystur standa upp og kynna sig og starfsheiti sitt fyrir hinni nýju klúbbsystur. (V. gr.)
5. Inntaka klúbbsvina er með sama hætti og virkra félaga. (VII. gr. 2)

### **3. grein - Flokkun félaga**

Flytjist félagi í aðra byggð og getur ekki sótt fundi í sínum klúbbsi, á hann rétt á að sækja um aðild að þeim klúbbsi sem er næstur hans nýja heimili eða beðið formann sinn að hafa milligöngu um flutning á milli klúbba. Ekki skiptir máli þótt fyrir sé í klúbbsnum annar félagi í sömu starfsgrein. Viðtökuklúbbsur hefur heimild til að hafna viðkomandi að vel rökstuddu máli. Félagi getur áfrýjað höfnun til gerðardóms. (V. gr. 2)

### **4. grein - Missir félagsréttinda**

Félagi er skyldur til að sækja a.m.k. 50% klúbbsfunda á starfsárinu.

Stjórn klúbbsins getur veitt klúbbsysturum undanþágu frá fundarsókn í allt að 6 mánuði í senn. Senda skal skriflega beiðni með fullnægjandi upplýsingum þar sem greint er frá ástæðum fyrir beiðninni. Stjórnin getur, ef ný beiðni berst, framlengt slíka undanþágu, þó aldrei meira en í 6 mánuði í senn. Undanþágu er aldrei hægt að veita fyrir einstakan fund.

Klúbbnum er heimilt að undanskilja fundarsókn eldri félaga í reiknuðu meðaltali fundarsókna klúbbsins.

Félagi missir félagsréttindi við eftirfarandi aðstæður:

1. Greiði félagi ekki á gjalddaga árgjaldið eða önnur gjöld sem samþykkt hafa verið á klúbbfundum skal gjaldkeri krefja um gjöldin með bréfi. Séu gjöldin ekki greidd innan 14 daga verður gjaldkeri að krefja á ný skriflega um greiðslu á skuldinni. Líði enn 14 dagar án þess að greitt sé má víkja félaga úr klúbbnum um tíma, allt frá 6 til 12 mánuðum.
2. Ef fundarsókn er minni en 50% funda á árinu má víkja félaga úr klúbbnum um tíma eða alveg ef um endurtekið brot er að ræða.
3. Stjórnin getur strikað út af félagaskrá þá félaga sem skaða álit eða starfsemi klúbbsins. Slíkt getur þó ekki átt sér stað fyrr en félaginn hefur fengið tækifæri til þess að skýra framkomu sína munnlega eða með tilstyrk annars félaga. Stjórninni er ekki skylt að færa ástæðu fyrir brottvikningu en úrskurður skal tilkynntur aðila í ábyrgðarbréfi.
4. Úrsögn úr klúbbnum skal send formanni skriflega fyrir 1. júní. Að öðrum kosti verður hlutaðeigandi að greiða árgjald fyrir næsta ár. Féлага, sem hefur sagt sig úr klúbbi, má aðeins taka inn í annan klúbb að fengnu leyfi stjórnar Soroptimistasambands Íslands sem verður að ráðfæra sig við fyrri klúbbinn.

Félagi sem hætt hefur í klúbbnum verður að hlíta sömu reglum um inntöku og nýr félagi, þó verða þrjú ár að líða frá missi félagsréttinda. (VIII. gr. 1a og b, gr. 3)

## 5. grein – Stjórnin

1. Stjórn klúbbsins skipa formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Framkvæmdavald klúbbsins er í höndum stjórnarinnar. Starfstími stjórnar skal vera tvö ár og má ekki endurkjósa nema gjaldkera sem má endurkjósa einu sinni.

Stjórnin skiptir árlega með sér verkum þannig að hún kýs úr sínum hópi varaformann, ritara, gjaldkera og tvo meðstjórnendur.

Stjórninni er heimilt að ákveða sérstök verksvið fyrir varaformann og meðstjórnendur.

Árlega skal stjórnin halda a.m.k. fjóra fundi. Fulltrúar klúbbsins í fulltrúaráði Landssambandsins, verkefnastjóri og aðstoðarverkefnastjóri sitja þá sem ráðgefendur.

Stjórnarfundi skal halda þegar formanni finnst þörf á því. Skylt er formanni að kalla saman fund ef tvær stjórnarkonur óska þess. Þegar stjórnarkona mætir ekki á þemur fundum í röð án gildra ástæðna má æskja þess að hún segi af sér. Stjórnin velur þá konu úr klúbbnum sem tekur sæti í stjórn til næsta aðalfundar. Stjórnarfundir eru ákvörðunarhæfir þegar 2/3 stjórnarkvenna eru viðstaddar. (IX. gr. 1, 2 og 4)

2. Forfallist formaður tekur varaformaður við störfum hans og réttindum. Verði varaformannslaust vegna forfalla formanns eða varaformanns kýs stjórnin varaformann úr sínum hópi. Þegar stjórnarkona, önnur en formaður eða varaformaður, forfallast í meira en mánuð fyrir aðalfund skal stjórnin tilnefna varamann í hennar stað.

Varamaðurinn starfar í stjórninni í fjarveru stjórnarkonunnar eða til næsta aðalfundar en er þá kjörgeng í hvaða stöðu innan stjórnarinnar sem vera skal án þess að reiknað sé með þeim tíma sem hún hefur starfað í stjórninni. Stjórnarskipti fara fram eigi síðar en 1. október. (IX. gr. 1)

3. Skyldur einstakra stjórnarkvenna:
  - a. Formaður kemur fram fyrir hönd klúbbsins, stjórnar fundum, nema aðalfundi þar sem kosinn er fundarstjóri, hefur umsjón með fundarboðun og störfum klúbbsins.
  - b. Ritari skráir fundargerðir stjórnarfunda og fundargerðir klúbbfunda. Fundargerðir klúbbfunda skulu kynntar klúbbsystur eigi síðar en á næsta klúbbfundi. Samþykktar fundargerðir skulu undirritaðar af formanni og ritara. Ritari heldur skrá yfir fundarsókn klúbbsystra og heldur félagatal.
  - c. Gjaldkeri innheimtir árgjöld, inntökugjöld og önnur samþykkt framlög og leggur peningana á vöxtu. Hann skal færa bókhald, þar með talið bókhald yfir fjáröflunarverkefni klúbbsins, og leggja endurskoðaða reikninga fyrir aðalfund ár hvert. Gjaldkera er skylt að láta aðrar klúbbsystur fylgjast með fjárhagnum eftir því sem þær óska. Stjórnin öll er ábyrg fyrir fjármálum klúbbsins samkvæmt þessari grein. (IX. gr. 1)
4. Kosningu skal haga þannig að formaður er kosinn fyrst leynilegri bundinni kosningu til tveggja ára í senn, án tillits til þess tíma sem hann hefur starfað í stjórninni. Formaður skoðast sjálfkjörinn ef aðeins er um eina uppástungu að ræða.

Að loknu formannskjöri kýs aðalfundurinn aðrar stjórnarkonur. Þær skulu kosnar leynilegri, bundinni kosningu til tveggja ára í senn.

Kosningu skal haga þannig að annað árið skulu kosnar 2 konur auk formanns en hitt árið 3 konur. Í fyrsta sinn sem stjórnarkosning fer fram skulu þrjár stjórnarkonur kosnar til eins árs og tvær til tveggja ára. Stjórnarkonur eru sjálfkjörnar ef ekki er stungið upp á fleirum en kjósa skal. (IX. gr. 5)

Hvorki formann né stjórnarkonur má endurkjósa fyrr en eftir tveggja ára starfshlé nema gjaldkera sem endurkjósa má einu sinni. Hvorki er hægt að kjósa með skriflegu né munnlegu umboði. (IX. gr. 2a)

5. Á aðalfundi skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga til tveggja ára og einn til vara.
6. Kosning nefnda. Sjá 7. grein.

## 6. grein – Klúbbfundir

Halda skal minnst 10 klúbbfundi á ári.

1. Stjórnin ákveður dagskrá klúbbfunda, þar með fræðsluerindi og skemmtiatriði eftir því sem ástæður leyfa. Formaður stjórnar klúbbfundum og varaformaður í fjarveru hans eða önnur stjórnarkona. Formanni er heimilt að tilnefna fundarstjóra á klúbbfundum. Ritari færir gerðabók sem lesin er upp eigi síðar en á næsta fundi og undirrituð af formanni og ritara, sbr. 5. grein, 3. tölulið í reglugerð. Á klúbbfundum skal ræða félagsmál og störf klúbbsins og Landssambandsins. Einnig skal á hverjum fundi verja stund til þess að ræða mál Evrópu- og Alþjóðasambands Soroptimista og flytja fréttir af starfsemi sorptimistahreyfingarinnar. Við afgreiðslu mála gildir einfaldur meirihluti atkvæða nema annað sé tekið fram.

Félagi er skyldur til þess að sækja a.m.k. 50% klúbbfunda, sbr. 4. grein, 2. tölulið í reglugerð. Stjórnin getur beðið féлага, sem sækir illa fundi, um skriflega skýringu á orsök þess. Að henni fenginni, eða hafi svarbréf ekki borist innan 14 daga, skal stjórnin taka ákvörðun um hvort viðkomandi fær leyfi til þess að vera áfram í klúbbnum.

Mæting hjá öðrum klúbbum telst fundarsókn og skal hún staðfest með mætingarkorti frá viðkomandi klúbbi. Mæting á haustfund Landssambandsins telst fundarsókn og skal hún staðfest með mætingarkorti frá ritara Landssambandsins eða fulltrúa hans sem staddur er á fundinum.

Fyrirlesurum og öðrum gestum utan soroptimistahreyfingarinnar er heimilt að sitja fundi að loknum almennum fundarstörfum. Varast ber að ræða málefni hreyfingarinnar þegar gestir utan hennar eru viðstaddir.

Heimilt er þó að kona sem hlotið hefur samþykki klúbbsystra sitji einn til tvo klúbbfundi áður en hún staðfestir samþykki sitt fyrir inngöngu í klúbbinn svo fremi sem trúnaðarmál eru ekki á dagskrá. (X.gr. 1 og 4)

2. Aðalfund skal halda á hverju starfsári, eigi síðar en 1. maí og a.m.k. 30 dögum fyrir landssambandsfund. Hann skal boðaður skriflega eða með tölvupósti ásamt dagskrá með a.m.k. 15 daga fyrirvara. (X. gr. 2a)
3. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:
  1. Kosning fundarstjóra
  2. Skýrsla formanns og nefnda
  3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga
  4. Umræður um skýrslur og atkvæðagreiðsla um reikninga
  5. Laga- og reglugerðarbreytingar, ef fyrir liggja
  6. Kosning formanns
  7. Kosning stjórnar
  8. Kosning eins fulltrúa og varafulltrúa í fulltrúaráð Soroptimistasambands Íslands, sjá XIII. grein klúbblaga, tölulið 1
  9. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara

10. Kosning nefnda, verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra
11. Tekin ákvörðun um inntökugjald og árgjald fyrir næsta ár, bæði fyrir virka félag og félag með takmörkuð réttindi
12. Mál sem borist hafa stjórninni eða hún ber fram
13. Önnur mál.

Ritari færir fundargerð aðalfundar. Ritari skal senda ársskýrslu til Soroptimistasambands Íslands eigi síðar en hálfum mánuði eftir aðalfund. (X. gr. 2b)

4. Þegar aðalfundur er ekki ályktunarhæfur verður að boða til nýs fundar. Skal hann haldinn innan 14 daga. (X. gr. 2c)
5. Til þess að aðalfundur sé ályktunarhæfur verða 2/3 féлага að vera á fundi. Allar ályktanir þurfa að fá 2/3 greiddra atkvæða. Á aukaáðalfundi ræður úrslitum einfaldur meirihluti atkvæða mættra féлага nema taka eigi ákvarðanir um lagabreytingar eða upplausn klúbbsins. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Félagi getur hvorki neytt atkvæðaréttar síns skriflega né með umboði. (X. gr. 3)

Tillögur, bornar fram af einstökum félögum, þurfa að hafa borist stjórninni skriflega a.m.k. 10 dögum fyrir aðalfund svo hægt sé að afgreiða þær á aðalfundi.

## **7. grein - Verkefnastjórar og nefndir**

1. Í hverjum klúbbi starfar verkefnastjóri og aðstoðarverkefnastjóri á eftirtöldum verkefnasviðum:
  1. Efnahags- og félagsleg þróun
  2. Mennta- og menningarmál
  3. Umhverfismál
  4. Heilbrigðismál
  5. Mannréttindi og staða konunnar
  6. Alþjóðleg vinátta og skilningur. (XI. gr.)
2. Verkefnastjóri og aðstoðarverkefnastjóri klúbbsins eru kosnir á aðalfundi klúbbsins.
3. Í hverjum klúbbi skal vera þriggja manna starfsgreinanevnd sem kosin er á aðalfundi til tveggja ára. Nefndin skal kanna tillögur um nýja félag með hliðsjón af starfsgreinalykli og félagaskrá. (XI. gr.)
4. Klúbburinn kýs nefndir til að sjá um verkefni til lengri eða skemmri tíma. Einnig getur stjórnin skipað nefndir um einstök mál. Nefndir sem kosnar eru á aðalfundi skila skýrslu til aðalfundar en aðrar nefndir eftir samkomulagi.
5. Starfstími nefnda sem kosnar eru á aðalfundi er eitt til tvö ár eftir því sem ákveðið er hverju sinni. Starfstími verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra er tvö ár. Heimilt er að endurkjósa þá einu sinni.

## **8. grein – Fjármál**

1. Árgjald og inntökugjald skal ákveða á aðalfundi ár hvert. Gjaldþagi er 1. október. Kvittun fyrir árgjaldi gildir sem klúbbskírteini. Reikningsárið hefst 1. október og lýkur 30. september á næsta ári. Reikningar skulu lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi. (XII. gr. 1)
2. Klúbburinn getur aflað tekna með fjáröflun sem telst ekki hluti klúbbsjóðs. (XII. gr. 2)
3. Gjaldkeri sér um að ávaxta fé klúbbsins á sem hagstæðustum vöxtum. (XII. gr. 3)

## **9. grein - Tilnefning frambjóðenda**

Einungis er heimilt að tilnefna frambjóðendur til Landssambandsins og Evrópusambands Soroptimista úr eigin klúbbi. (XIV. gr.)

## **10. grein - Lagabreytingar og reglugerðarbreytingar**

Klúbbformaður skal senda forseta og formanni laganefndar Landssambandsins, a.m.k. 60 dögum fyrir landssambandsfund, þær uppástungur um breytingar á klúbblögum og/eða reglugerð sem samþykktar hafa verið á aðalfundi klúbbsins. (XV. gr.)

## **11. grein – Gerðardómur**

Komi upp ágreiningur innan klúbbsins sem leysa þarf úr með gerðardómi skal stjórn klúbbsins skipa þrjár klúbbsystur til að leysa úr ágreiningnum. Hæfar til setu í gerðardómnum eru þær klúbbsystur sem gegnt hafa embætti formanns klúbbsins. Ef ekki eru forsendur til að finna klúbbsystur í gerðardóm skal vísa ágreiningi til gerðardóms Landssambandsins. (XVII. gr.)

## **12. grein - Breytingar**

Fara skal með breytingar á reglugerð þessari eins og lagabreytingar. (XV. gr.)

## **13. grein – Gildistaka**

Reglugerð þessi gildir frá 25. apríl 1992 með síðari breytingum 28. mars 2000, 1. mars 2003, 29. apríl 2006 og 30. apríl 2011.